

Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa í Rangárþingi ytra og greiðslur fyrir nefndastörf

1. gr.

Laun sveitarstjórnar:

Oddviti sveitarstjórnar	30%	af þingfararkaupi
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	10%	af þingfararkaupi
Formaður byggðarráðs	10%	af þingfararkaupi
Aðrir byggðarráðsfulltrúar	5%	af þingfararkaupi

Aðalmaður í sveitarstjórn og byggðarráði sem forfallast skal tilkynna forföll til sveitarstjóra sem sér um að varamaður verði boðaður. Varamenn í sveitarstjórn og byggðarráði fá sem nemur 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Sitji varamaður hluta fundar fær hann greitt fyrir hlutfallslega þátttöku í fundinum. Þingfararkaup ákvarðar Kjjararáð skv. l. nr. 88/1995.

Verkefni oddvita eru m.a. að vera í samráði við sveitarstjóra um daglega stjórnun á starfsemi sveitarfélagsins, yfirfara gögn, veita íbúum og öðrum viðtöl, undirbúa mál fyrir sveitarstjórnarfundum, undirbúa dagskrár sveitarstjórnarfunda, stýra sveitarstjórnarfundum og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi.

Verkefni formanns byggðarráðs eru m.a. að vera í samráði við oddvita og sveitarstjóra um málefni sem tekin eru fyrir í byggðarráðinu, veita íbúum og öðrum viðtöl um málefni sem tekin eru fyrir í byggðarráðinu, undirbúa dagskrár byggðarráðsfunda, stýra byggðarráðsfundum og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi.

Verkefni sveitarstjórnarfulltrúa og byggðarráðsfulltrúa eru m.a. að yfirfara og kynna sér mál og gögn fyrir fundi, taka þátt í fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og eiga viðtöl við íbúa og aðra um málefni sem tengjast sveitarstjórninni. Allir fulltrúar skulu hafa frumkvæði að bættri stjórnarsýslu, telji þeir þörf á slíku, og koma ábendingum á framfæri við oddvita eða formann byggðarráðs í hvoru tilviki um sig með góðum fyrirvara.

Miðað skal við að fundir í sveitarstjórn og byggðarráði standi ekki lengur yfir en í 4 klst. Fari fundartími meira en hálf klst. fram yfir þessi mörk komi til sérstök greiðsla sem nemur 3% af þingfararkaupi.

Föst laun sveitarstjórnarmanna skerðast ekki vegna tilfallandi forfalla á hluta eða heilum fundi, enda er gert ráð fyrir að viðkomandi hafi tekið þátt í undirbúningi vegna fundarins með yfirferð gagna og samráði við aðra sveitarstjórnarmenn. Sé það fyrisjáanlegt að sveitarstjórnarmaður muni verða frá störfum um lengri tíma falla launagreiðslur niður að hálfu frá og með þriðja mánuði og að öllu leyti frá og með fimmta mánuði.

2. gr.

Greiðslur til sveitarstjórnarfulltrúa fyrir þátttöku í fundum og öðrum atburðum sem varða hagsmuni sveitarfélagsins og/eða hagsmuni sveitarfélaga almennt:

Fyrir fund sem stendur yfir í 1 - 3 klst.	1,75%	af þingfararkaupi
Fyrir fund sem stendur yfir í 3 - 4 klst.	3%	af þingfararkaupi
Fyrir fund sem stendur yfir í 4 - 8 klst.	5%	af þingfararkaupi

Almennt er gert ráð fyrir að oddviti sveitarfélagsins og oddviti/ar minnihlutalista sæki fundi sem þessi regla nær yfir.

Ef oddviti sveitarfélagsins eða sveitarstjóri komast ekki á fundinn þá er heimilt að boða meirihlutafulltrúa á fundinn sem fær þá greiðslu fyrir fundinn, líkt og oddvitar listanna. Viðkomandi fulltrúar skulu skila minnispunktum um viðkomandi fundi og niðurstöðu þeirra til sveitarstjóra og sveitarstjórnar eftir eðli máls hverju sinni. Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar geta sótt sömu fundi en fá greiðslu fyrir fundasóknina aðeins ef sveitarstjórnin hefur samþykkt þátttöku þeirra fyrirfram.

3. gr.

Aukafundir sveitarstjórnar:

Árlega skulu kjörnir fulltrúar skila að jafnaði 10-12 fundum í í sveitarstjórn . Ef kjörnir fulltrúar hafa setið fleiri fundi í sveitarstjórn þá ber að greiða fyrir hvern fund umfram það:

Oddviti sveitarstjórnar.....	5%	af þingfararkaupi
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	3%	af þingfararkaupi
Formaður byggðarráðs	3%	af þingfararkaupi
Aðrir byggðarráðsfulltrúar	1,75%	af þingfararkaupi

Ef óskað er eftir fundi með sveitarstjórn og ekki talið fullnægjandi að sveitarstjóri og oddviti fundi með viðkomandi, þá er viðkomandi boðið að koma 30 mínútum fyrir boðaðan sveitarstjórnarfund með kynningu. Til þeirrar kynningar mæta þeir fulltrúar í sveitarstjórn sem tók hafa á og ekki er greitt sérstaklega vegna þess.

Ef viðkomandi óskar eindregið eftir að fá fund með sveitarstjórn án þess að það tengist sveitarstjórnarfundum eða komi í heimsókn, þá ber það að ákveðast af sveitarstjórn og greiða ber fulltrúum fyrir slíka fundi skv. 2. gr. Ekki eru varamenn boðaðir á slíka fund í stað aðalmanna nema brýnt sé að fullskipuð sveitarstjórn mæti.

4. gr.

Fundir, ráðstefnur, málþing og fleira:

Aðalmönnum í sveitarstjórn er heimilt að sækja árlega um greiðsluþátttöku sveitarfélagsins vegna þátttöku á fundum, ráðstefnum, málþingum eða öðrum viðburðum sem snerta viðfangsefni sveitarstjórnar. Greiðsluþátttaka sveitarfélagsins er að hámarki 10% af þingfararkaupi fyrir hvern fulltrúa og er kostnaður greiddur fulltrúum að höfðu samráði við sveitarstjóra.

5. gr.

Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa:

Hver sveitarstjórnarfulltrúi skal fá ferðatölvu til afnota til móttöku og meðferðar á skjölum tengdum störfum sveitarstjórnarinnar og sem notuð verður á fundum hennar. Tölvurnar eru með netkortum og uppsettum pósthúsum svo þær geti tengst internetinu og tekið á móti og sent tölvupóst. Tölvurnar skulu búnar helstu Office forritum. Sveitarfélagið sjái um eðlilegt viðhald og uppfærslur þessara tölva. Sveitarstjórnarfulltrúar afhenda sveitarfélaginu þessar tölur þegar þeir láta af starfi.

Eingreiðsla fyrir hvert ár vegna símanotkunar og annarra þátta sem sveitarstjórnarfulltrúar leggja sér til við störfin:

Oddviti sveitarfélagsins 20% af þingfararkaupi
Varaoddviti, formaður byggðarráðs og oddviti/ar minnihlutaalista..... 15% af þingfararkaupi
Fulltrúar í sveitarstjórn og formenn nefnda..... 10% af þingfararkaupi

Oddvitar, fulltrúar og formenn nefnda fá einungis greidda eingreiðslu samkvæmt einum lið í þessari grein þó viðkomandi séu e.t.v. í fleiri einu hlutverki, þ.e. þeim sem gengur lengst. Þessi greiðsla er greidd í júní ár hvert, eftirá, og hlutfallslega hafi embættaskipan breyst á árinu.

6. gr.

Greiðslur til fulltrúa í nefndum sveitarfélagsins:

Fyrir hvern nefndarfund - alm. fulltrúi 2% af þingfararkaupi
Fyrir hvern nefndarfund - formaður nefndar 3% af þingfararkaupi

Varamenn í nefndum fá greitt 2% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Fyrir hvern fund sérstakra nefnda og vinnuhópa sem sveitarstjórn skipar í greiðist 2% af þingfararkaupi.

Formenn nefnda hafa heimild til þess að sækja um kostnaðarpátttöku úr sveitarsjóði, til sveitarstjórnar, vegna pátttöku nefndafulltrúa í áriðandi fundum eða þingum vegna þeirra málefna sem þær hafa á sinni málefnastrá.

7. gr.

Fyrirkomulag aksturs og þátttaka í ferðakostnaði:

Almennt er gert ráð fyrir að nýtt sé bifreið í rekstri sveitarfélagsins til þess að ferðast á fundastaði og að ekki komi til greiðslu ferðakostnaðar til fulltrúa.

Fulltrúar sem eru boðaðir á fundi og sem þurfa að sækja fundi, samkv. samþ. sveitarstjórnar á vegum sveitarfélagsins og geta ekki nýtt sér bifreið sveitarfélagsins fá greitt vegna aksturskostnaðar eins og fastir starfsmenn sveitarfélagsins sem boðaðir eru á fundi utan og á vinnutíma og nýta eigin bifreið. Taxi er til samræmis við taxa Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Þetta á almennt við ef fulltrúi þarf að fara um lengri veg en 5 km. frá lögheimili til að sækja fund og hefur ekki tók á að nýta sér bifreið sveitarfélagsins.

Ekki er greitt fyrir uppihald og gistingu nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna fyrirkomulags þess atburðar sem viðkomandi er falið að sækja og þarf þá að leita samþykkis sveitarstjórnar áður en til kostnaðar er stofnað.

Reglur þessar eru endurskoðuð útgáfa af fyrri reglum frá 20. júlí 2011 og voru staðfestar af sveitarstjórn Rangárbings ytra 9. desember 2015.

Hellu, 1. janúar 2016.
Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri